



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 7. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 14.09.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

Boðuð forföll: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri

Fjarverandi:

Fundarritari: LHM

Helstu mál: Fundargerð s.f., tillögur Tækninefndar varðandi olíuburð og önnur mál, athugasemdir við dagskrá á netinu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Tillögur Tækninefndar varðandi olíuburð:

IGS gerir grein fyrir vali tækninefndar á olíuburðum vetrarins:

Framhald af olíuburði síðasta vetrar, þ.e.a.s. mismunandi eftir mótum. Reynt að velja krefjandi en viðráðanlegan olíuburð, mismunandi erfiður.

Þar sem olíuvélar í söluum þremur eru mismunandi er gerð krafa að tækninefnd fari og mæli Akranes og Akureyri fyrir upphafi hvors olíuburðar fyrir sig. Krafa verður um sömu lengd og heildarmagn olíu. Prentað út graf og hengt uppí söluum.

3. Önnur mál:

Dagskráin er ekki rétt á kli.is, stutt í að fyrsta umferð byrji. ÞMÞ mun senda starfsmanni kli.is beiðni um að setja auglýsingu inná kli.is fyrir fyrstu umferðirnar í deildinni.

Svíþjóð og Norðmenn einnig búnir að staðfesta þátttöku sína í Nordic Youth í nóvember.

Mikið rætt um reglur KLÍ og túlkun á þeim. ÞMÞ tekur fram að skv. reglum KLÍ förum við eftir WTBA (Samþykktir Alþjóðakeilusambandsins (FIQ/WTBA) eru bindandi fyrir KLÍ) en ekki Evrópusambandinu. Breytingar frá WTBA á leikreglum sem þarf að kynna á formannafundinum 21. september n.k.

Mikið rætt um kúlu reglur fram og til baka. Tækninefnd náði ekki samkomulagi um þær. Verður fjallað um reglurnar á formannafundinum og aðalmarkmiðið er að ná sátt um þær.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Fengum bréf frá ÍSÍ vegna afreksstefnu ÍSÍ og ef við vildum senda athugasemdir þá yrði það að vera fyrir 18. september. ÞI og ÞMP setja saman greinargerð og senda á ÍSÍ.

Fundi slitið 18:45 – næsti fundur 28. september kl. 17:30